



Aðalstjórn UMF Stjörnunnar

Stjórnarfundur haldinn í Stjörnuheimilinu þröjudaginn 29.04.2014 kl. 17:15

Mættir: Jóhann Steinar Ingimundarson (JSI), Sigurður Bjarnason (SB), Þórdís Björk Sigurbjörnsdóttir (PBS), Viðar Erlingsson (VE), Þorsteinn Þorbergsson (ÞÞ) og Victor Ingi Olsen (VIO). Einnig sat fundinn Jóhannes Egilsson framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerðina.

Fundargerð

1. Fundargerð síðasta fundar – samþykkt.
2. Skýrsla endurskoðanda og undirskrift ársreikninga
 - Ómar Kristjánsson endurskoðandi félagsins lagði fram og fór yfir skýrslu endurskoðanda.
 - Rætt var um bréf RSK vegna launþega/verktaka og vsk. á auglýsingum.
 - Gengið var frá undirritun stjórnarmanna á ársreikningi UMF Stjörnunnar fyrir árið 2013.
3. Skráningar iðkenda
 - Rætt var um stöðu skráninga iðkenda í Felix og samlestur úr Nóra í Felix.
4. Uppgjör jan til mars
 - Farið var yfir uppgjör allra deilda á fyrstu þremur mánuðum ársins. Auk þess sem talað var um að fjöggra mánaða uppgjör yrði kynnt á næsta aðalstjórnarfundum ásamt samanburði við áætlun og fjögurra mánaða uppgjör síðasta árs.
5. Viðurkenningar á aðalfundi
 - Faið var yfir tilnefningar til viðurkenninga á aðalfundi þann 6. maí nk.
 - Félagsmálaskjöldur: Sigrún Dan Róbertsdóttir
 - Deild ársins: Knattspyrnudeild
 - Þjálfari ársins: Þorlákur Már Árnason
 - Íþróttamaður Stjörnunnar: Harpa Þorsteinsdóttir
 - Heiðursviðurkenningar: Benedikt Sveinsson og Erling Ásgeirsson

Báðir eiga þeir Benedikt og Erling það sameiginlegt að hafa unnið gríðarlegt starf fyrir knattspyrnudeild Stjörnunnar á uppgangstímum deildarinnar á níunda áratug síðustu aldar. Þeir hafa báðir með störfum sínum í bæjarstjórn Garðabæjar staðið vörð um hagsmuni Stjörnunnar og unnið félaginu ómetnanlegt gagn á þeim vettvangi.

Þá hafa þeir um áratuga skeið verið með ötulustu tuðningsmönnum félagsins og lagt því lið á ýmsan hátt. Það er Ungmennafélaginu Stjörnunni mikilvægara en nokkuð annað að eiga í sínum röðum fólk sem er tilbúið til að leggja félaginu lið, hvort heldur er, með beinu innuframlagi í stjórn félagsins og deilda þess og öðru starfi í grasrótinni, eða með því að beita áhrifum sínum í þágu félagsins, til öflunar stuðnings bæði opinberra aðila og



einkaaðila. Þar hafa þeir Benedikt og Erling báðir komið sterkir inn undanfarna þrjá áratugi.

- Tilnefningar til kopar-, silfur- og gullstjörnur komu frá deildum auk þess sem framkvæmdastjóra og formanni var falið að koma með fleiri tillögur. Niðurstaðan var eftirfarandi:

<p>KOPARSTJÖRNU hljóta:</p> <p><u>fimleikadeild</u> Ágústa Jóhannesdóttir Hanna Lóa Friðjónsdóttir</p> <p><u>handknattleiksdeild</u> Hörður Hrafnald Unnur B Johnsen</p> <p><u>knattspyrnudeild</u> Guðrún Elva Tryggvadóttir Konráð Sigurðsson Kristinn Ingi Lárusson Magnús Viðar Heimisson Sæmundur Friðjónsson</p> <p><u>körfuknattleiksdeild</u> Guðrún Kolbeinsdóttir</p> <p><u>aðalstjórn</u> Viðar Erlingsson Victor Ingi Olsen</p>	<p>SILFURSTJÖRNU hljóta:</p> <p><u>handknattleiksdeild</u> Bogi Thorarensen Eyjólfur Ingimarsson Guðmundur Thorarensen Guðni Björnsson Herdís Sigurbergisdóttir Magnús Karl Daníelsson Magnús Magnússon Ragnheiður Stephensen Vilhjálmur Bjarnason</p> <p><u>knattspyrnudeild</u> Lúðvík Örn Steinarsson Sigurður Guðmundsson</p> <p><u>körfuknattleiksdeild</u> Anna Margrét Halldórsdóttir Hilmar Júlíusson Kristín Anna Ólafsdóttir</p> <p><u>Sunddeild</u> Hannes Árnason</p> <p><u>aðalstjórn</u> Ragnheiður Traustadóttir Sigurður Bjarnason Þorsteinn Þorbergsson</p>
<p><u>Gullstjarnan</u></p> <p>Páll Grétarsson hefur komið að íþróttastarfi í Garðabæ í fjölda ára. Páll var framkvæmdastjóri knattspyrnudeildar Stjörnunnar frá árinu 1992-1995 og framkvæmdastjóri félagsins alls frá 1995 til 1997. Hann tók aftur við starfi framkvæmdastjóra Stjörnunnar árið 2004 og gegndi því starfi í 10 ár.</p> <p>Ungmennafélagið Stjarnan vill veita Páli Gullstjörnu og þakka honum um leið frábært og óeigingjarnt starf fyrir félagið.</p>	



6. Tilboð í endurskoðun ársreikninga

- Á síðasta aðalstjórnarfundi var lagt var til að stjórnarmenn kalli eftir tilboðum frá löggiltum endurskoðendum. Tilboðin voru lögð fyrir aðalstjórn og rædd. Tilboð bárust frá KPMG, ENOR og Endurskoðun Ómars.
- Tilboð frá Endurskoðun Ómars þótti hagstæðast að svo stöddu auk þess að menn töldu ekki tímabært að skipta um endurskoðendur í þeim miklu breytingum sem stjarnan er að ganga í gegnum. Ákveðið var að leggja til við aðalfund að semja við Endurskoðun Ómars á endurskoðun ársreikninga fyrir árið 2014.
- Einnig var lagt til að gjaldkeri félagsins ásamt framkvæmdastjóra leituðu til utanaðkomandi endurskoðanda til að fara yfir verklagið hjá félaginu í bókhaldsmálum og koma með tillögur að úrbótum ef þörf þykir.

7. Félagsgjöld

- Sigurður Bjarnason fór yfir hugmyndir um með hvaða hætti væri hægt að fara af stað með félagsgjöld fyrir Stjórnuna og var ákveðið að hann skildi kynna þessar hugmyndir á aðalfundi félagsins þann 6. maí.

8. Ársfundur handknattleiksdeildar

- Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir hugmyndum handknattleiksdeildar um ársfund ásamt tillögu að dagskrá.

9. Skýrsla framkvæmdastjóra

- Fór yfir stöðu Ársskýrslu
- Kynnti hugmyndir Baldurs Ó Svavarssonar arkitekts um starfsmannaðstöðu. Ákveðið var að vinna áfram og ítarlegra með þær hugmyndir.
- Framkvæmdastjóri kynnti grófa kostnaðaráætlun fyrir framkvæmdir í félagsheimili Stjórnunnar út frá þeim teikningum sem áður höfðu verið kynntar. Kostnaðaráætlunin gerði ráð fyrir um 12 milljónum kr.
- Framkvæmdastjóri fór yfir hugmyndir sínar á Stjörnukaffi og markmiðið var að koma því á sem fyrst
- Samfélagsdagurinn, markmið var að koma honum í framkvæmd laugardaginn 24. maí
- Útgáfudagur á blaði á vegum Stjórnunnar er fyrirhugaður 24. maí
- Farið var yfir stöðu á yfirþjálfaramálum og fyrirhuguðum breytingum á ráðningasambandi þeirra. Formaður og framkvæmdastjóri munu halda áfram með þá vinnu.
- Staðan á nýrri heimasíðu félagsins var kynnt. Ákveðið að kynna hana á aðalfundinum og setja hana svo í loftið mjög fljótlega eftir það.



- Framkvæmdastjóri og fjármálastjóri fóru yfir uppgjörið og var einnig rætt um að á næsta aðalstjórnarfundum þá verði mánaðaruppgjör hverrar deildar lagt fram ásamt samanburði við samþykktu áætlun.
- Einnig var fjallað um að þegar fjögurra mánaða uppgjör verður lagt fram þá verði það borið saman við fjögurra mánaða uppgjör ársins á undan.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 20:25. Ritað J.Egils